

Ed.

359. Frumvarp til laga

[127. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. marz.)

1. gr.

Liðurinn „Reiðhjól með hjálparvél“ í 2. gr. laganna orðist svo:

Létt bifhjól: Bifhjól, sem í er aflvél, eigi stærri en 2.5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetra að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því.

2. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 2. mgr. 8. gr. komi: létt bifhjól.

3. gr.

Í stað „reiðhjóls með hjálparvél“ í 1. mgr. 11. gr. komi: létt bifhjóls.

4. gr.

6. mgr. 27. gr. orðist svo:

Ökuskirteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskirteini og fullnaðarskirteini. Bráðabirgðaskirteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskirteini gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Þó má gefa slíkt ökuskirteini út til skemmri tíma, ef sérstakar ástæður þykja til. Áður en fullnaðarskirteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast að nýju próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskirteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskirteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðastjórapróf.

5. gr.

Í stað „reiðhjóli með hjálparvél“ í 3. mgr. 28. gr. komi: léttu bifhjóli.

6. gr.

Í stað „reiðhjóla með hjálparvél“ í 5. mgr. 28. gr. komi: léttra bifhjóla.

7. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 8. mgr. 60. gr. komi: létt bifhjól.

8. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 1. mgr. 70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 40 12. maí 1965, komi: létt bifhjól.

9. gr.

5. og 6. mgr. 81. gr. orðist svo:

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi, sbr. þó 112. gr. laga nr. 82/1961. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi dómara ákvörðun sína innan viku. Aðili getur krafizt úrskurðar dómara um ákvörðun lögreglustjóra. Dómari getur og af sjálfsdáðum, ef efni standa til, fellt ákvörðun lögreglustjóra niður. Úrskurð dómara um bráðabirgðasviptingu getur aðili kært til æðra dóms samkvæmt XXI. kafla laga nr. 82/1961.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.